



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 30.10.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Viðar Erlingsson (VE) og Víctor Ingi Olsen (VIO), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
- 2) Skýrsla framkvæmdastjóra

Nóri - skráningarkerfið

Skráning iðkenda gengur heldur hægar en gert var ráð fyrir. Knattspyrnudeild er í sérstöku átaki við að ljúka sinni skráningu.

Knattspyrna fyrir alla

Ekki er boðið upp á námskeið á vegum verkefnisins á þessu hausti. Misvísandi skilaboð hafa borist frá forráðamönnum verkefnisins á þann veg að Stjarnan hafi staðið í vegi fyrir tímaúthlutun til þeirra í haust. Tímaúthlutun í íþróttahúsum bæjarins er á hendi Garðabæjar.

Dósasafnanir

Aðalstjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að skiptingu næstu tveggja ára. Leitast er við að úthluta söfnunum til fjögurra stærstu deildanna á jafnréttisgrunni.

Minnisblað vegna stefnumótunar

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um stöðu mála.

Minnisblað um reglur um samninga við leikmenn og þjálfara

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað varðandi reglur um ráðningasamninga. Honum falið að leita umsagnar endurskoðanda félagsins um tiltekna þætti málsins.

Minnisblað um nýtingu húsnæðis í Stjörnuheimili og vallahúsi

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um nýtingu húsnæðis. Tillögum vísað til mannvirkjanefndar félagsins.

Handbók UMF Stjörnunnar

Framkvæmdastjóri vakti athygli fundarins á að handbók félagsins þarfnist endurskoðunar. Málinu vísað til ritara aðalstjórnar.

- 3) Frá UMSK

Formaður kynnti fyrirhugaðan formannfund UMSK og tillögur lottónefndar sambandsins en eins og þær liggja fyrir mun hlutdeild Stjörnunnar í lottótekjum rýrna verulega.



UMSK mun halda kynningarfund í Stjörnuheimilinu föstudaginn 27.11. kl. 20:00.

UMSK fagnar 90 ára afmæli um þessar mundir. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir heiðursveitingar ásamt tillögum um frekari tilnefningar heiðursveitinga að þessu tilefni. Aðalstjórn samþykkir tillöguna.

- 4) Verkefnalisti aðalstjórnar - frestað
- 5) Skipurit UMF Stjörnunnar – frestað
- 6) Rekstraráætlun 2013

Gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir útkomuspá fyrir árið 2012.

Rætt um upplegg fyrir rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2013.

Aðalstjórn samþykkir að framlög til deilda úr afrekssjóði félagsins á árinu 2013, framlag til Fimleikardeildar hækkar um 1,5 millj og framlag til handknattleiksdeildar hækkar um 500þús fyrir hvorn meistaraflokk. Þá fær meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu 500þús kr viðbótarstyrk á árinu 2012 vegna bikarmeistaratitils. Hækkanir samtals að fjárhæð 2,5 millj króna byggjast á að framlög Garðabæjar til afreksstarfsins hækki amk um þá fjárhæð á árinu 2013.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir upplýsingum frá Garðabæ um væntar fjárveitingar ársins 2013.

Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að ganga frá áætluninni.

- 7) Erindi til Garðabæjar vegna fjárhagsáætlunar 2013
Málinu vísað til formanns og framkvæmdastjóra.
- 8) Önnur mál

Evrópumeistarar í fimleikum

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar fagnar frábærum árangri landsliða í fimleikum á nýafstöðnu Evrópumóti. Stjórnin setur þó spurningamerki við þann hátt sem hafður var á vali A liðs sem olli því að iðkandi úr Stjörninni fann sig knúinn til að hafa félagaskipti yfir í Gerplu til þess að eiga möguleika á sæti í liðinu.

Fundi slitið kl. 20:45. Ritað PGr.